

Verkefni: Stjórnarfundur Gígunnar.

Dagsetning fundar: 18. október 2014.

Tímasetning fundar: kl. 12:00 - 12:30

Fundarstaður: Söngskólinn Domus Vox, Laugavegi 116, 105 Reykjavík

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Þórhildur Kristjánsdóttir (ÞK)	formaður	Mætt
Dagbjört Ottósdóttir (DO)	varaformaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Guðlaug Ásgeirsdóttir (GÁ)	gjaldkeri	Mætt
Ragnheiður Helgadóttir (RH)	meðstjórnandi	Fjarverandi
Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	vefstjóri	Mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

1. Afmælislag Kvennakórs Hafnarfjarðar.

Samþykkt var að veita Kvennakór Hafnarfjarðar 33% af 90.000 kr. kostnaði vegna afmælislags kórsins, sem samið er í tilefni af 20 ára afmæli kórsins.

2. 100 ára kosningaréttur kvenna.

Ákveðið var að Gígjan myndi láta semja lag í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna. Einnig var rætt að gaman væri að kórarnir myndu halda sameiginlega tónleika á árinu 2015 og flytja þetta lag. Ákveðið var að ræða þetta á aðalfundinum.

3. Aðalfundur.

Ákveðið var að leggja til að árgjald Gígunnar verði óbreytt. Ákveðið var að veita Sigríði Önnu Ellerup heiðursviðurkenningu Gígunnar. Atkvæði voru reyndar send áður í netpósti þar sem útkoman var að Sigríður mundi hljóta viðurkenninguna. Rætt var um bréf frá STEF vegna höfundarréttargjalda af tónleikum. Með bréfinu fylgdi bæklingur frá STEF.

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 12:30.

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir.